

Aðalfundur GDLH starfsárið 2017- 2018

Haldinn þann 18 október 2018, kl 18 í húsakynnum ÍSí í Laugardalnum

Skýrsla stjórnar.

Magnús Sigurjónsson formaður félagsins kynnir skýrslu stjórnar og fer þar yfir starf vetrarins

Magnús fer sérstaklega yfir undirbúning fyrir Landsmót og þau atriði sem upp komu við val yfirdómara og dómara á landsmót.

Magnús tilkynnir svo að hann hafi ákveðið að bjóða sig ekki fram aftur sem formaður félagsins og þakkar fyrir samstarfið á liðnum árum. Fundurinn þakkar Magnusi fyrir hans starf fyrir félagið

Skýrsla Gjaldkera.

Ágúst Hafsteinsson fer yfir skýrslu gjaldkera. Staða félagsins er góð og tekjur hafa komið inn af námskeiðum. Umræða um útistandandi viðskiptakröfu vegna námskeiða erlendis en Ágúst mun taka að sér úrlausn þeirra mála sem er í eðlilegu ferli. Reikningarfélagsins samþykktir með fyrirvara um úrlausn og skýringu á ógreiddum reikningu vegna námskeiðs erlendis.

Skýrsla fræðslunefndar

Gísli Guðjónsson flytur skýrslu fræðslunefndar en hana skipa ásamt Gísla þau Sindri Sigurðsson, Valur Valsson, Valdimar Ólafsson og Marjolijn Tiepen. Nýdómara og Landsdómaranámskeið voru haldin hérlandis og í danmörku og Svíþjóð. Væringar eru um að hafa lengri tíma á milli upprifjunarnámskeiða eða finnar aðrar lausnir á norðurlöndum ,þar sem ferðakostnaður fyrir dómara er mikill og lítið um mót. Fólk er því að borga með sér til að halda réttindum. Einnig var sagt frá hvernig prófin eru up sett og helstu niðurstöður bæði ný og landsdómara. Stefnan er sett á að halda dómaranámskeið í Þýskalandi 30nóv – 2 des 2018.

Umræða skapast um greiðslur vegna námskeiða erlendis og hvatt til að gerð verði sú krafa að þátttakendur greiði staðfestingargjald því eitthvað er um afföll frá upphaflegum skráningum.

Félagsgjöld

Fundurinn samþykkir að halda félagsgöldum óbreyttum.

Kosningar

Tveir einstaklingar bjóða sig fram í formann GDLH, Þeir Erlendur Árnason og Logi Laxdal. Fundarmenn greiða atkvæði og fer það svo að Erlendur fær 11 atkvæði og Logi 10. Erlendur er því réttkjörinn nær formaður félagsins.

Ólafur Árnason og Ágúst Hafsteinsson voru kosnir til tveggja ára á síðasta aðalfundi og sitja því áfram í stjórn. Helga Classen og Ingibergur Árnason gefa ekki kost á sér í stjórn en þeir Sigurður Sigurðarson og Jón Þorberg Steindórsson koma nýjir inn í stjórnina til tveggja ára. Jóhan G Jóhannesson og Darri Gunnarsson hljóta kosningu sem varamenn í stjórn.

Önnur mál.

Jón Þorberg: Væri æskilegt að stefna á það að halda stórt gæðingamót í september.

Logi Laxdal: Mikil hnignun gæðingakeppninnar vegna þess hve fá gæðingamót eru á hverju ári.

Erlendur: Þakkar fyrir kosninguna og tekur undir með Loga að það þærfi að finna leiðir til að fjölga mótum.

Þórir Örn: Mikilvægt að ákveða strax og taka frá tíma til móta því reiðhallir eru fljótar að fyllast á hverju ári.

Logi: Vill beina því til stjórnar að búa til svokallað mótéflingarráð sem vinnur að því að fjölga gæðingamótum.

Jóhann: Nauðsynlegt að þróa Gæðingatölt þannig að gæðingadómarar geti verið að dæma töltkeppnir.

Ingibergur: Svarar því til að nú þegar séu Svíar með gæðingatölt á hringvelli ásamt ákveðinni útfærslu á skeiði sem hentar gæðingakeppninni.

Gísli: segir frá að 3 árs nemar á Hólum hafi verið með gæðingakeppni sem riðin var eins og sérstök forkeppni á Landsmóti. Það hafi heppnast vel og verið ánægja.

Snorri Dal: Telur að það væri mikilvægt að reyna að komast með gæðingakeppnina inn í Meistaradeildina sem eins keppnisgrein.

Magnús Sigurjónsson fráfarnadi formaður slítur fundi klukkan 19:40.